hefna sín á Chínverjum fyrir útreið þá, sem Gesandtar þeirra urðu fyrir í sumar, svik þeirra og sáttarof. Ólje í Danmörku er þemur hreifing í Politikinni, og er talað um, að minnsta kosti sumir af ráðgjöfunum muni segja af sjer, en ekki veit jeg nú, hvað úr því verður öllu saman; þú getur annars, ef það nokkuð interessar þig, sjeð í blöðunum, í hvaða horfi danska Politikin er; jeg nemi ekki að vera að rausa um það, enda veri jeg heldur ekki maður til þess; og þess vegna legg jeg það ekki upp.

Benidikt Gröndal er nú kominn hingað til bæjarins, protestantiskur, slyppur og fjelaus frá katólskunni. Ekki veit jeg með vissu um síðustu viðskipti hans við þá þar suður í Löwen, en hann